



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2005
Tilvísun: UST20050100004/sf

Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum móttöku-, flokkunar- og förgunarstöðvar sorps á Húsavík.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Forsendur

Sorpsamlagið hyggst byggja og reka móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð með orkunýtingu á Húsavík. Íbúar á þjónustusvæði sorpsamlagsins eru um 4000 talsins. Gengið er út frá brennslustöð sem getur tekið á móti allt að 8.000 tonnum af úrgangi í 1. áfanga og á þetta magn við bæði heimilis- og rekstrarúrgang, en gert er ráð fyrir allt að 2.000 tonnum af hjólbörðum á ári frá öðrum svæðum en starfssvæði félagsins. Þó gera megi ráð fyrir einhverjum flutningi úrgangs annars staðar frá eru áætluð afköst brennslunnar afar há miðað við það magn sem reiknað er með að falli til, en samkvæmt landsmeðaltali falla til um 350 kg af heimilisúrgangi á hvern íbúa og um 500 kg af rekstrarúrgangi. Svo er ekki allur úrgangur brennanlegur.

Hættulegur úrgangur

Í matsskýrslu kemur fram að tekið verði á móti spilliefnum og sóttmenguðum úrgangi í förgunarstöðinni. Ekki er tilgreint magn þess úrgangs sem gert er ráð fyrir að tekið verði á móti. Í umfjöllun um spilliefni kemur fram að nánar verði tilgreint í starfsleyfi hvaða spilliefni og í hvaða magni sorpbrennslan kemur til með að brenna.

Umhverfisstofnun bendir á að áður en starfsleyfi er veitt þurfa að liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna og sóttmengaðs úrgangs enda þarf í starfsleyfi að tilgreina það magn sem förgunarstöðinni verður heimilt að meðhöndla.

Loftmengun

Gert er ráð fyrir 16 m háum skorsteini en loftdreifingarspá (viðauki I) sýnir að styrkur mengunarefna í útblæstri verði langt undir umhverfismörkum reglugerðar nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings, sem og losunarmörkum reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs. Flæði útblásturlofts um loftháf er áætlað um $6 \text{ m}^3/\text{s}$. Umhverfisstofnun bendir á að þau gildi sem fram koma í töflu 1 í viðauka I með matsskýrslu eru gefin upp í mg/m^3 og eru ekki samanbærileg við losunarmörk í reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs, þar sem gildi í losunarmörkum eru umreiknuð fyrir staðalaðstæður, þ.e. í mg/Nm^3 . Samhæfa þarf einingar þeirra færíbreyta sem teknar eru til skoðunar í skýrslunni. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í töflu 8 í matsskýrslu og töflu 1 í viðauka I með skýrslunni eru umhverfismörk gefin upp í mg/m^3 . Í reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings eru umhverfismörk hins vegar gefin upp í $\mu\text{g}/\text{m}^3$ nema fyrir kolmóníxíð en fyrir það eru umhverfismörk gefin upp í mg/m^3 .

Hávaði

Í skýrslunni kemur fram að næsta byggð við fyrirhugaða brennslu er lögbýlið Kaldbakur sem er u.þ.b. 250 m frá lóðarmörkum. Miðað við umfang fyrirhugaðrar starfsemi telur Umhverfisstofnun að fjarlægð milli staða sé fremur lítil, einkum m.t.t. hávaða, loftmengunar, umferðarauka og sjónrænna áhrifa. Þó verður að hafa í huga að þjóðvegur liggur milli lóðarinnar að Víðimóum 2 og lögbýlisins Kaldbaks. Í matsskýrslu kemur fram að hávaðamengun frá starfseminni að Víðimóum 2 muni felast að mestu leyti í hávaða tengdum aukinni umferð og hávaða frá blásara við reyktháf fyrirhugaðrar sorpbrennslu. Samkvæmt útreikningum verður hávaði frá aðal blásara 46 dBA við þjóðveg, í 130 m fjarlægð frá sorpbrennslunni og verður hávaði því innan viðmiðunargilda fyrir hljóðstig samkvæmt reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Ekki er fjallað sérstaklega um hávaða vegna umferðarauka í matsskýrslu.

Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu kemur fram að sjónræn áhrif fyrirhugaðra mannvirkja verði nokkur. Mannvirkin verða áberandi frá þjóðvegi og munu einnig sjást vel frá lögbýlinu Kaldbaki, sbr. myndir í matsskýrslu. Gert er ráð fyrir að mannvirkin verði lítt áberandi frá þéttbýlinu á Húsavík vegna fjarlægðar og legu mannvirkja í landinu. Í matsskýrslu kemur jafnframt fram að ekki sé reiknað með sjónmengun af reyk frá fyrirhugaðri sorpbrennslu, þar sem þeir staðlar og kröfur sem gerðar eru til brennslu- og hreinsunartækja sorpbrennslunnar ættu að sjá til þess. Umhverfisstofnun telur að með plöntun trjáa/runna á lóðamörkum eins og ráð er fyrir gert samkvæmt matsskýrslu megi nokkuð draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja. Stofnunin telur að miðað við þá reynslu sem fengist hefur af brennslustöð Sorpeyðingar Suðurnesja, sem hefur heimild til að taka á móti allt að 25.000 tonnum af úrgangi á ári samkvæmt gildandi starfsleyfi, séu ekki líkur á að sjónmengun verði af útblæstri frá förgunarstöðinni á Húsavík.

Viðbragðsáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að með tilliti til fremur lítillar fjarlægðar fyrirhugaðrar förgunarstöðvar til nærliggjandi bygginga má ætla að einhver óþægindi muni stafa af fyrirhugaðri starfsemi jafnvel þó að losun mengandi efna reynist vera vel innan settra marka. Enn fremur að upp gæti komið sú staða að farið verði yfir losunarmörk, t.d. vegna tæknilegra orsaka eða óhagstæðra veðurfarsaðstæðna. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að fyrir

liggi samþykkt viðbragðsáætlun sem tekur m.a. á ofangreindu, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gróður og dýralíf

Í matsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Norðausturlands kannaði gróðurfar á lóð förgunarstöðvarinnar á loftmynd sem tekin var að sumri til og síðan af jörðu þann 16. febrúar 2005 þegar jörð var að mestu auð. Við mat á tegundasamsetningu plantna var stuðst við eldri úttekt á gróðurfari þess svæðis sem lóðin var á.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegast hefði verið að gróðurúttekt hefði farið fram að sumri til. Stofnunin telur hins vegar að fyrir liggi nægjanlegar upplýsingar til að meta áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu má skipta gróðurfari í þrjá flokka, þ.e. lúpínu, mólendi og graslendi en land á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er töluvert raskað og þekur lúpína stóran hluta þess. Miðað við niðurstöður könnunar sem gerð var á gróðurfari í nágrenni Húsavíkur árið 1983 er ólíklegt að á svæðinu séu sjaldgæfar tegundir háplantna

Ekki hafa verið gerðar athuganir í dýralífi í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd, en ólíklegt er talið með hliðsjón af gróðurfari svæðisins að framkvæmdin raski mikilvægu búsvæði fugla.

Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, verði starfsemi í samræmi við lýsingu í matsskýrslu.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs